

L Ö G

um vísitölu byggingarkostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hagstofa Íslands skal hefja útreikning nýrrar vísitölu byggingarkostnaðar, sem byggð er á niðurstöðum könnunar á byggingarkostnaði í Reykjavík.

Grunntala þessarar vísitölu skal miðuð við byggingarkostnað í Reykjavík í október 1975, og síðan skal hún reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við byggingarkostnað í fyrri hluta mánaðanna desember, mars, júní og september, í fyrsta sinn í desember 1975. Við þessa ákvörðun vísitölu byggingarkostnaðar hverju sinni skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

2. gr.

Grunnvísitala í október 1975 skal gilda frá 1. nóvember til desemberloka 1975. Eftir það skal hver vísitala, reiknuð samkvæmt síðari málsgr. 1. gr., gilda í 3 mánuði frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, þ. e. í janúar—mars, apríl—júní, júlí—september og október—desember ár hvert.

3. gr.

Vísitala byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 25/1957 skal reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í október 1975. Sú vísitala gildir í 2 mánuði, frá nóvemberbyrjun til ársloka 1975, og einungis til viðmiðunar við eldri vísitölur (1. október 1955 = 100).

4. gr.

Vísitölur byggingarkostnaðar með grunntölu 100 í október 1975 skulu tengdar við fyrri vísitölur sem hér segir: Fyrr greindar vísitölur eins og þær eru með 2 aukastöfum skulu margfaldaðar með októbervísitölu 1975 (1. október 1955 = 100), og síðan deilt með 100. Sú útkoma, sem þá fæst, skal sléttuð með því, að sleppt sé broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í eitt stig. Hagstofan annast þennan útreikning og birtir niðurstöður hans jafnóðum.

5. gr.

Til frekari upplýsingar og til fyrirgreiðslu í sambandi við verksamninga er Hagstofunni heimilt að reikna og birta vísitölur, er sýna byggingarkostnað á öðrum tímum en þeim, sem lögfestir eru í þessum lögum. Slíkar vísitölur mega t. d. vera með þeim hætti, að þær miðist við breytta launataxta frá því, sem var í síðustu lögbundinni vísitölu, en við óbreytt verðlag að öðru leyti.

6. gr.

Nú er svo fyrir mælt í lögum, að váttryggjanda húsa sé heimilt að láta váttryggingarverð húsa fylgja vísitölu byggingarkostnaðar, og skal þá sú vísitala, sem í gildi er við byrjun hvers tryggingartímabils, ráða váttryggingarverðinu allt tíma-bilið.

7. gr.

Hagstofa Íslands skal, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 25/1957, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

1. gr.

7. gr. laganna fellur niður.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr., greiðist úr rikissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar skv. lögum þessum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972 um orlof húsmæðra.

3. gr.

5. gr. breytist þannig:

1. 1. tölul. orðist svo:

Sveitarsjóður greiði árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 150 fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.

2. 2. tl. falli niður.